

Sagan:

Martin Peter Pedersen var fæddur 1887 og dó 1979. Hann lauk prófi í verkfræði 1912 og fór þá fljótlega í samstarf við Otto Skovmand. Þeir hófu framleiðslu á útvarpstækjum undir nafninu "Skovmand & Pedersen".

Otto lést 1919 og Martin yfirtók reksturinn og breytti nafninu í "MP Pedersen" ásamt að framleiða viðtæki, hannaði hann senda, en lenti í kasti við Danska radioeftirlitið. Danska ríkið hafði einkarétt á meðhöndlun senda eftir stríðsárin. Fljótlega fékk hann þó frið með sína framleiðslu. Í flestum millilandaskipum íslendinga eftir 1925 og öllum nýsköpunartogurunum svokölluðum voru sendar og viðtæki frá MP Pedersen.

Sendirinn sem er í loftsklyttaklefanum í Skógasafni viktur c.a. 300 kg. Í dag, 2020 eru samskonar tæki ekki nema kannski 10 kg og spanna yfir miklu meira tíðnisvið ásamt að nota bara brot af þeim straum sem þessir gömlu tæki gerðu.

Í sendinum sem er til sýnis í loftsklyttaklefanum er tvöfaldur útgangur, keyrður á 400 volta plötuspennu. Síðar var þessari gerð breytt með hærri plötuspennu, 600 volt fyrir CW á 500 kHz.

300w voru fyrir AM mótað talsendingar á 1.5 - 3 mHz ásamt 100w sendistyrk á 3 til 20 mHz. Lítið finnst af upplýsingum um þessi tæki á t.d. netinu.

Mínar heimildir koma frá gömlum tæknimönnum P&S ásamt nokkrum radioáhugamönnum og grúski mínu í gömlum ritum um fjarskipti.

Samantekt:

Sigurður Harðarson rafeindavirki.